

<p><b>43. fundur svæðisráðs norðursvæðis</b>  21. nóvember 2016 (13:00-16:20)  Hafnarstræði 93, Akureyri</p>	<p><b>Fundarritari:</b>  Guðmundur Ögmundsson</p>	
<p><b>Mættir:</b>  Óli Halldórsson, formaður  Böðvar Pétursson, varaformaður  Arnheiður Jóhannsdóttir  Grétar Ingvarsson  Hjördís Finnbogadóttir  Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður</p>	<p><b>Fjarverandi:</b>  Ásvaldur Ævar Þormóðsson</p>	<p><b>Aðrir fundargestir:</b>  Árni og Magnús Hilmarssynir frá Sumarbúðunum Ástjörn.</p>

## Dagskrá fundar:

1. Af vettvangi stjórnar – yfirlit formanns svæðisráðs
2. Af vettvangi landvörslu – yfirlit þjóðgarðsvarðar
3. Sumarbúðir við Ástjörn – kynning á starfsemi og hugmyndir til framtíðar
4. Endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar
5. Staða deiliskipulags fyrir Ásbyrgi

### 1. Af vettvangi stjórnar – yfirlit formanns svæðisráðs

Á síðasta stjórnarfundi, sem haldinn var á Höfn í Hornafirði, komu til fundar við stjórn landeigendur á suðursvæði sem lagt hafa land inn í þjóðgarðinn, samkvæmt samningi við umhverfisráðuneytið. Á fundinum ræddu þeir ýmsar hliðar samstarfsins við þjóðgarðinn og voru á því bæði kostir og gallar. Telja þeir ýmis tækifæri felast í samstarfinu, hins vegar hefur þjóðgarðinum ekki tekist að uppfylla öll skilyrði sem lágu að baki samningunum, sér í lagi því sem tengist framkvæmdum.

Svæðisráð telur að til greina komi að gera svipaða samninga á norðursvæði þar sem skörun er á nýtingu þjóðgarðs- og einkalands, og að rétt sé að hafa þann möguleika í huga.

Önnur helstu mál af stjórnarfundi voru stýring ferðamanna og ferðaþjónustu við íshella á suðursvæði sem og ráðning í stöðu fjármálastjóra og bókara í þjóðgarðinum. Útlit er fyrir að þeir muni báðir hafa skrifstofu á Egilsstöðum og rakti svæðisráðsformaður forsendur þess.

### 2. Af vettvangi landvörslu – yfirlit þjóðgarðsvarðar

Þjóðgarðsvörður sagði frá landvörslu í Ódáðahrauni í september. Tíðin var að mestu góð og var töluverð umferð ferðamanna langt fram á haustið. Skálaverðir Ferðafélags Akureyrar yfirgáfu svæðið um miðjan september en landverðir höfðu milligöngu um ýmsa þjónustu við ferðamenn eftir þann tíma. Erlendur ferðamaður, sem gengið hafði frá Herðubreiðarlindum í Bræðrafell og ætlaði þaðan í Drekkagil, fannst látinn á göngustíg nærri Vikraborgum. Landvörður aðstoðaði við að ná í líkið og skaut skjólshúsi yfir ferðamanninn sem kom að hinum látna.

Í byrjun september voru aðeins tveir landverðir eftir í Jökulsárgljúfrum, auk tveggja fastastarfsmanna. Það kom fljótt í ljós að það dugði ekki því vinnuálag var mikið og viðvera landvarða á ferðamannastöðum innan þjóðgarðsins miklu mun minni en æskilegt væri. Því var einum landverði bætt við um miðjan september og þannig var það til loka mánaðarins.

Í fyrri hluta október voru tveir landverðir á vakt. Seinni hluta mánaðarins og fram til 10. nóvember var einn landvörður á vakt. Síðan þá hafa fastastarfsmennirnir séð um gestastofuna og landvörslu, en aukastarfsmaður hleypur í skarðið um helgar.

Gestakomur í september voru 5.976, samanborið við 3.459 árið áður. Það er 73% aukning og að meðaltali 199 manns á dag. Mest komu 411, minnst 38. Í október fjölgaði gestum á milli ára úr 748 í 1486. Það er 99% aukning og að meðaltali 49 manns á dag. Flestir voru dagsgestir 120, fæstir 14. Það sem af er nóvember hafa um 160 manns komið í Gljúfrastofu. Greinilegt er þó að margir keyra beint inn að Botnstjörn og fara til baka án þess að koma við í gestastofunni. Búið er að prenta út einblöðung um vetraropnun í Gljúfrastofu og er verið að dreifa honum á nærliggjandi upplýsingamiðstöðvar og ferðamannastaði.

Vinna við fræðsluáætlun heldur áfram og verða vinnufundir í Mývatnssveit og Ásbyrgi í þessari og næstu viku. Til fundarins eru boðnir ýmsir hagsmunaaðilar og þeir sem láta sig fræðslumál þjóðgarðsins varða.

### **3. Sumarbúðir við Ástjörn – Kynning á starfseminni og hugmyndir til framtíðar**

Vegna umsóknar um endurnýjun lóðarleigusamnings fyrir sumarbúðir við Ástjörn og gerð deiliskipulags fyrir svæðið mættu Árni og Magnús Hilmarssynir á fund svæðisráðs kl. 14:00. Þeir röktu sögu sumarbúðanna, umfang starfseminnar og hugmyndir rekstraraðila um framtíðarrekstur og framkvæmdir.

Árni og Magnús viku af fundi 14:45.

Svæðisráð þakkar gestunum góða kynningu og lýsir vilja til að eiga náið samstarf varðandi starfsemina við Ástjörn, m.a. um náttúrufræðslu á þessum mikilvæga stað í þjóðgarðinum. Svæðisráð telur ekki forsendur til að knýja á um meginbreytingar á nýtingu svæðisins við Ástjörn. Hins vegar sé mikilvægt að þeir samningar sem gerðir verða um afnot svæðisins verði ekki bundnir til langtíma. Þjóðgarðsvörður mun setja sig í samband við fulltrúa Ástjarnar vegna endurnýjunar samnings og upplýsa þá um framgang nýs deiliskipulags.

### **4. Endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar**

Svæðisráðsformaður greindi frá því að stefnt sé á að ljúka endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar í febrúar 2017. Gera þarf einhverjar breytingar á því sem viðkemur norðursvæði og m.a. benti Böðvar á að hyggilegt væri að breyta orðalagi um staðsetningu gestastofu í Mývatnssveit. Þjóðgarðsvörður tekur að sér að yfirfara þau atriði sem þarfnast endurskoðunar og gera tillögur að breytingum. Tillögurnar verða sendar á svæðisráð hið fyrsta og teknar fyrir á næsta fundi ráðsins sem fyrirhugaður er í janúar nk.

### **5. Staða deiliskipulags fyrir Ásbyrgi**

Þjóðgarðsvörður færði svæðisráði þau skilaboð að þjóðgarðurinn hefði heimild til að gera tillögu að deiliskipulagi í Ásbyrgi, þótt landið tilheyri í raun Skógræktinni. Nýtt deiliskipulag er engu að síður háð samþykki Skógræktarinnar. Þjóðgarðsvörður kynnti fyrir svæðisráði frumdrög að stækkun tjaldsvæðis, breyttri aðkomu að gestastofu, stækkun bílastæðis og staðsetningu þjónustuhúsa. Enn fremur sagði hann frá reynslu sinni af tjaldsvæðum í þjóðgöörðum vestanhafs og sýndi myndir. Svæðisráð tók jákvætt í hugmyndirnar og skal unnið áfram að þróun þeirra.

Óli Halldórsson þurfti að yfirgefa fundinn á þessum tímapunkti vegna annarra skuldbindinga.

Töluverð umræða fór fram um kosti og galla þess að hafa hótél innan umráðasvæðis þjóðgarðsins, en ekki fékkst niðurstaða í málið. Þjóðgarðsvörður greindi svæðisráði frá fyrirspurn Heimöxar ehf., handverksfélagi við Öxarfjörð, um að flytja söluhús félagsins frá versluninni Ásbyrgi að Gljúfrastofu. Svæðisráð tók vel í það og taldi slíka starfsemi

vel eiga heima á þjónustusvæði þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður mun vinna að því að finna húsinu heppilegan stað í samráði við þá sem koma að deiliskipulagsgerð.

*Fleira ekki gert og fundið slitið 16:20*